

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Akraneskaupstaðar, 2 staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júlí 1923, sbr. lög nr. 93 5. júní 1947, um aðstoð til vatnsveitna, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að máli. 2. jan.

Jafnframt er úr gildi felld reglugerð um niðurjöfnun og innheimtu vatnsskatts á Akranesi nr. 111 23. ágúst 1954 og breytingu á þeirri reglugerð nr. 164 8. okt. 1957.

Félagsmálaráðuneytið, 2. janúar 1958.

Hannibal Valdimarsson.

Hallgrímur Dalberg.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Sveinbjarnar Þor- 3 bjarnarsonar, bónda og smiðs á Sigmundarstöðum, útgefin á venjulegan hátt ad 13. jan. mandatam af dómsmálaráðherra 13. janúar 1958.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Sveinbjarnar Þorbjarnarsonar.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Sveinbjarnar Þorbjarnarsonar, bónda og smiðs á Sigmundarstöðum.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er 10000 — tíu þúsund — krónur, er Þorbjörn Sveinbjarnarson frá Sigmundarstöðum, nú til heimilis að Ytra-Hólmi, gefur Stóra-Áskirkju til minningar um föður sinn, Sveinbjörn heit. Þorbjarnarson. Gefandi hefur afhent sóknarprestinum féð. Sjóðurinn skal vera í vörzlu sóknarprestisins.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að fegra Stóra-Áskirkju, kaupa handa henni gripí eða annað það, er henni má að gagni koma.

4. gr.

Tekjur sjóðsins eru vextir og gjafir, er honum kunna að berast. Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða. Einn fjórða hluta ($\frac{1}{4}$) ársvaxta skal og leggja við höfuðstólinn, en $\frac{3}{4}$ hlutum skal varið samkvæmt tilgangi sjóðsins.

5. gr.

Í stjórn sjóðsins skulu sjálfkjörnir sóknarprestur og sóknarnefnd Stóra-Ás-sóknar. Stjórnin skal ávaxta fé sjóðsins á tryggan hátt og sjá um reikningshald hans.

6. gr.

Ef kirkja verður lögð niður eða flutt frá Stóra-Ási, skal minningarsjóður þessi hverfa í eign Háskóla Íslands. Skal háskólaráð þá gera honum nýja skipulagsskrá.

3

13. jan. Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari og hún birt í B-deild Stjórnartíðinda.

7. gr.

Ytra-Hólmi, 16. nóvember 1957.

Þorbjörn Sveinbjarnarson.

Handsalað.

4

13. jan.

REGLUGERÐ

um heimilishjálp í Torfalækjarhreppi.

1. gr.

Kvenfélag Torfalækjarhrepps fer með stjórn heimilishjálpar í Torfalækjarhreppi undir yfirstjórn hreppsnefndar Torfalækjarhrepps.

Dagleg umsjón með framkvæmdum heimilishjálparinnar í Torfalækjarhreppi er í höndum formanns kvenfélags hreppsins, og á hann rétt á að sitja fundi hreppsnefndar þegar rædd eru mál, sem varða heimilishjálpinu, og hafa þar málfrelsi og tillögurétt.

2. gr.

Hlutverk heimilishjálparinnar er að veita hjálpu á heimilum, þegar sannað er með vottorði læknis, ljósmóður eða á annan hátt, sem forstöðukona heimilishjálparinnar metur gilda, að hjálpar sé þörf um stundarsakir vegna sjúkdóma, barnsburðar, slysa, dauðsfalla eða af öðrum ástæðum.

Hjálpin skal að jafnaði ekki veitt til lengri tíma í senn en 14 daga.

3. gr.

Heimilishjálpin skal jafnan leitast við að hafa til taks eina konu til heimilishjálpar.

Forstöðukonunni ber að ganga örugglega úr skugga um, að konur þær, sem heimilishjálpu stunda á vegum hreppsins, séu hæfar til starfsins og hafi heilbrigðisvottorð héraðslæknis.

Um launakjör og hlunnindi starfsfólks heimilishjálparinnar fer eftir ákvörðun hreppsnefndarinnar.

4. gr.

Hreppsnefnd Torfalækjarhrepps ber ekki fjárhagslega ábyrgð á tjóni, sem konur þær, er vinna á vegum heimilishjálparinnar, kunna að valda við störf sín.

5. gr.

Stjórn heimilishjálparinnar ákveður hvert form skuli vera á umsóknum um heimilishjálpu.

Hreppsnefnd hreppsins getur veitt eftirgjöf á greiðslu fyrir heimilishjálpu að nokkru eða öllu leyti að fengnum tillögum forstöðukonu heimilishjálparinnar.

6. gr.

Fyrir heimilishjálpu skal greitt eftir gjaldskrá, er hreppsnefnd Torfalækjarhrepps setur, að fengnum tillögum almenns sveitarfundar og ráðherra staðfestir.

Hreppsnefndin setur nánari reglur um greiðslur, innheimtu og annað, er hún telur máli skipta í þessu efni.